

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 25. febrúar 2021  
UST202102-303/A.B.  
10.04.00

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag - Hrollaugsstaðir**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna lýsingar á breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýju deiliskipulagi fyrir Hrollaugsstaði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að fjölga íbúðum á svæðinu í allt að 25 íbúðir. Auk þess kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og mun deiliskipulagið gera ráð fyrir allt að 60 gistirýmum íbúðum og tjaldsvæði.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur